

## 10. bekkur

### Áætlun í íslensku

#### Námsgögn veturinn 2024-2025:

**Málfræði:** *Málið í mark – vefur. Stoðkennarinn.* Málfræðihefti.

**Ritun:** *Logar.* Verkefni frá kennara. Bókmenntaritgerð og heimildaverkefni. Ritun ræðu.

**Stafsetning:** *Stoðkennarinn.* Verkefni frá kennara.

**Lestur og lesskilningur:** *Brennu –Njálssaga.* Kjörbók. Ýmsar bækur til yndislestrar.

**Framkoma og tjáning:** Flutningur ræðu. Stuttmyndagerð. Leikræn tjáning í tengslum við ýmis verkefni vetrarins.

Dagsetning	Viðfangsefni	Verkefnaskil	Hæfniviðmið	Uppbrot
11.-15. nóv.	Leggja lokahönd á ættartré úr Njálu.  Val á kjörbók fyrir ritun bókmenntaritgerðar.	<b>Nota lestrardagbók við lestur kjörbókar.</b>	Nemandi geti valið sér lesefni til gagns og ánægju og komið fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.	
18.-22. nóv.	Lestur kjörbókar. Leggja inn bókmenntahugtök. Afhenda leiðbeiningar fyrir ritgerðarskrif.	Málfræði: 117-118  Stoðkennarinn æfingar í setningafræði í skóla.	Nemandi geti beitt helstu málfræðihugtökum. Nemandi geti hlustað af athygli.	Jafnréttisvika í Hvolsskóla, heimsókn frá Amnesty International

<b>25.-29. nóv.</b>	Horfum á kvikmynd. Skipt í hópa og hver hópur fær verkefni fyrir áhorf.	Málfræði: 119 og 121	Nemandi geti notið myndefnis, leikins efnis og tónlistar og gert sér grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.	
<b>2.-6. des.</b>	Unnið með persónulýsingar í kvikmynd. Hópavinna.	Málfræði: 122-123 Stoðkennarinn æfingar í setningafræði í skóla.	Nemandi geti tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu máli. Nemandi geti notað helstu aðgerðir við ritvinnslu.	
<b>9.-13. des.</b>	Hópavinna-persónulýsingar. Munnleg skil.	Málfræði: 50 og jólakrossgáta  <b>12.-13. des: Kynningar-Persónulýsingar í kvikmynd (5%)</b>	Nemandi geti tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.	
<b>16.-20. des.</b>	Óskað eftir hugmyndum að ræðuefni. Ritun bókmenntaritgerðar  Jólagleði og jólafrí ☺	<b>16. des.: Lestri kjörbókar á að vera lokið.</b>	Nemandi geti beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð. Nemandi geti beitt skipulögðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar	19. des.: Jólagleði
<b>23.-27. des.</b>	<b>JÓLAFRÍ</b>			
<b>30. des. – 3. jan.</b>	Ræðuefni kynnt, uppbygging ræðu og framsögn.		Nemandi geti samið texta þar sem beitt er sköpun og geti notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu.	30. des. - 1. jan.: Jólafrí 2. jan.: Starfsdagur 3. jan: Skóli hefst

<b>6. – 10. jan.</b>	Ritun ræðu og æfingar  Ritun bókmenntaritgerðar Skrif í skóla og heima	Málfræði: 65 og 66	Nemandi geti nýtt leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas.  .	
<b>13.-17. jan.</b>	Ritun bókmenntaritgerðar Skrif í skóla og heima	<b>15. janúar: Ræða bekkjarkeppni (15%)</b>  <b>16. jan.: Próf úr unnum blaðsíðum í málfræðihefti (15%)</b>  17. jan.: Ræðukeppni Hvolsskóla	Nemandi geti tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar. Nemandi geti tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda. Nemandi geti hlustað af athygli.	
<b>20. -24. jan.</b>	<u>Fræðslutorg</u> Hópavinna  Ritun bókmenntaritg. heima fyrir		Nemandi geti tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum. Nemandi geti átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.	
<b>27.-31. jan.</b>	<u>Fræðslutorg</u> Hópavinna	<b>27. janúar: Skila bókmenntaritgerð (25%)</b>	Nemandi geti skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga. Nemandi geti valið textategund, skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir tilefni.	
<b>3.-7. feb.</b>	<u>Fræðslutorg</u> Hópavinna  Annarskil	<b>Fræðslutorg og opið hús (20%)</b>  <b>Virgni, þátttaka og vinnusemi (20%)</b>	Nemandi geti tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.	5. feb.: Opið hús 6. feb.: Skipulagsd. 7. feb.: Foreldrad

Hæfniviðmið fyrir lykilhæfni í grunnskóla eru höfð til hliðsjónar yfir alla önnina: tjáning og miðlun, skapandi og gagnrýnin hugsun, sjálfstæði og samvinna, nýting miðla og upplýsinga, ábyrgð og mat á eigin námi.

Kennari: Anna Kristín Guðjónsdóttir  
Miðönn